



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b  
105 Reykjavík



ÖLFUS

Málsnúmer: 2211051 Gj  
Kt. umsk. 5902695149

**Efni: Umsögn Sveitarfélagsins Ölfus um fyrirspurn um matsskyldu vegna framleiðslu á umhverfissvænum íblöndunarefnum til steypuframleiðslu í Þorlákshöfn.**

Með tölvupósti sendum 17. nóvember 2022 óskar Skipulagsstofnun eftir umsögnum Sveitarfélagsins Ölfuss, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Vinnueftirlits ríkisins.

Erindið var svohljóðandi:

*Góðan dag*

*HeidelbergCement Pozzolanic Materials ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttakin 16. nóvember 2022, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.*

*Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að móttakendur þessa pósts gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.*

*Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort þið teljið að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þið teljið þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.*

*Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi.*

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 16. desember 2022 á tölvupóstföngin: [sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is). Umsagnarbeiðnin er eingöngu send í tölvupósti.

Umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er svohljóðandi:

#### **Almennt**

Sveitarfélagið Ölfus telur að fyrirliggi nokkuð greinagóðar upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd með þeim fyrirvara þó að það sem að sveitarfélaginu snýr er á frumstigum. Mannvirki hafa ekki verið hönnuð, flutningsleiðir ekki skýrðar, kröfur til hafnargerðar ekki frágengnar og fl.

Með fyrrgreindum fyrirvara hefur bæjarstjórn samþykkt eftirfarandi kröfur og fyrirvara vegna fyrirhugaðra framkvæmda: ([Fundargerðir](#) | [Sveitarfélagið Ölfus \(olfus.is\)](#)):

Bæjarstjórn ítrekar það sem áður hefur komið fram að:


1. Þegar fyrir liggur með hvaða hætti starfsemin verður, svo sem flutningur á efni, útlit bygginga o.fl. verður málið kynnt ennfrekar fyrir íbúum og svo fremi sem fyrirtækið taki á annað borð ákvörðun um að ráðast í verkefnið verður haldin íbúakosning um framgang þess.
2. Bæjarstjórn áskilur sér fullan rétt til að tryggja hagsmuni samfélagsins við vinnslu málsins. Verði verkefnið á einhverjum tímapunkti metið skaðlegt fyrir heildar hagsmuni samfélagsins er því sjálf hætt.
3. Ekki kemur til greina að efn, allt að 3 milljónum tonna, i verði flutt frá námum eftir almenna þjóðvegakerfinu. Finna þarf aðrar leiðir svo sem blöndu af námuvegum og færriböndum.
4. Ekki kemur til greina að afsláttur verði gefin af útliti og eðli mannvirkja sem rísa á hafnarsvæðinu. Hæð þeirra, útlit og annað fyrirkomulag skal í öllum tilvikum taka mið af nálægð við íbúabyggðina. Til að tryggja slíkt hefur umhverfis- og skipulagsnefnd skipað faghóp með arkitekt, verkfræðing og fl. sem tryggja skulu að ef mannvirkin rísi þá verði það til að efla samfélagið en ekki skaða það.
5. Ekki kemur til greina að afsláttur verði gefin af almennum kröfum um hljóðmengun, rykmengun og annað það sem valdið getur samfélaginu ama. Komi til þess að skipulagi verði breytt við vinnslu málsins verða slíkar kröfur að minnsta kosti þær sömu og eru í skipulagi hafnarsvæðisins.

Við afgreiðslu málsins bókaði skipulags- og umhverfisnefnd eftirfarandi:

6. Gerð er krafa um samnýtingu og vandað efnisval en ekki einungs „liti og fyrirkomulag innan lóðar“ þegar kemur að samráði við bæjaryfirvöld. Þessa framkvæmd þarf að hugsa út frá öðrum forsendum en gert hefur verið annarstaðar í heiminum, sökum smæðar samfélagsins og bæjarins sem hér um ræðir. Sá möguleiki verði skoðaður að lækka mannvirki jafnvel þó það kalli á aukin grunnflöt. Krafa er gerð um að mannvirki verði í lægri mörkum þess sem kemur fram í fyrirspurn um matskyldu.


**Leyfi sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði Sveitarfélagsins Ölfus**

Sveitarfélagið Ölfus fer með skipulagsvald á svæðinu og gefur út byggingar og framkvæmdaleyfi á lóðinni í samræmi við byggingarreglugerð og skipulagslög. Enn hafa ekki borist beiðnir um breytingar á skipulagi ef frá er talin beiðni um sameiningar lóða. Að öðruleiti gilda eldri skipulagslýsingar svo sem hvað varðar hæð og eðli mannvirkja, byggingamagn og fl. Komi til þess að beiðni berist um breytingar á skipulagi verða þær beiðnir afgreiddar á sama máta og aðrar slíkar beiðnir þó með því foryrði stefnt er að íbúakosningu áður en nokkrar skuldbindandi ákvarðanir verða teknar.

  
Gunnlaugur Lönasson  
Skipulagsfulltrúi Ölfuss

## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir - SLS

Frá: Ása Berglind Hjálmarsdóttir <asaberglind@gmail.com>  
Sent: föstudagur, 16. desember 2022 13:29  
Til: Sigurður Ásbjörnsson - SLS; Skipulagsstofnun - SLS  
Efni: Athugasemd vegna umhverfismatskýrslu Heidelberg



Góðan dag

Fulltrúar í minnihluta í Bæjarstjórn Ölfuss vilja koma með umsögn varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir Heidelberg Materials í Þorlákshöfn.

Við lögðum fram eftirfarandi bókun á bæjarstjórnarfundum í gær, 15. desember:

Við viljum áréttu það að fulltrúar B og H lista telja fulla þörf á því að fyrirhugaðar framkvæmdir við verksmiðju Heidelberg fari í umhverfismat, sem hlýtur að teljast sjálfsögð krafa frá bæjarstjórn sem er búin að samþykkja það að: „*áskilja sér fullan rétt til að tryggja hagsmuni samfélagsins við vinnslu málsins*“ og að: „*ekki komi til greina að gefinn verði afsláttur af almennum kröfum um hljóðmengun, rykmengun og annað það sem valdið getur samfélaginu ama*“.

**Í 19. Gr.laga nr. 111/2021 um Framkvæmdir sem kunna að vera háðar umhverfismati segir:**

☐ Fylkingarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lög þessi skulu háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér **umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. Viðauka.**

Sveitarfélagið Ölfus á að sjálfsögðu að gera skýra kröfu um það til Skipulagsstofnunar um að heildarframkvæmdir hér í Þorlákshöfn fari í umhverfismat og standa þannig með hagsmunum samfélagsins.

Við teljum sem sagt fulla þörf á því að fyrirhuguð verksmiðja fari í umhverfismat. Það er ekki hægt að horfa á fyrsta áfanga verkefnisins þegar ákvörðun um mat verður tekið, heldur lokapunkturinn sem er verksmiðja á 65.000 m<sup>2</sup> í mikilli nálægð við íbúabyggð og 40-60 m. háum sílóum, allt að 8 talsins. Ekki er með sannfærandi hætti búið að sýna fram á það að mengun muni ekki koma frá verksmiðjunni. Það þarf að okkar mati að meta betur ýmis form mengunar; sjón-, hljóð-, lyktar- og umhverfismengun og greina það með fullnægjandi hætti hvort að efni sem eru skaðleg heilsu fólks muni leggja frá verksmiðjunni, svo sem svifryk og gufur úr vinnslu. Vanda þarf sérstaklega til þessarar vinnu í ljósi mikillar nálægðar við íbúahverfi.

Vinsamlega staðfestið móttöku póstsins.

Kær kveðja


Ása Berglind Hjálmarsdóttir (H listi), Hrönn Guðmundsdóttir (B listi) og Vilhjálmur Baldur Guðmundsson (B listi).



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**



Selfossi, 16. desember 2022  
2211081HS SHJ

**Efni: Mölunarverksmiðja í Þorlákshöfn - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu**

Þann 17. nóvember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðrar mölunarverksmiðju á vegum HeidelbergCement Pozzilaníc Materials ehf. í Þorlákshöfn í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Um er að ræða mölunarverksmiðju þar sem unnið verður sínefni úr ómeðhöndluðu móbergi, vikurefnum og öðrum efnum úr efnistökusvæðum í Ölfusi og mögulega víðar. Verkefnið er útflutningsverkefni þar sem malað sínefni er flutt erlendis til notkunnar sem íauki í sement í stað svokallaðs sementsklinkers eða sementsgjalls í sementsverksmiðjum fyrirtækisins Heidelberg Materials, en fyrirtækið starfrækir 156 slíkar verksmiðjur. Verksmiðjan verður staðsett á um 65.000 m<sup>2</sup> lóð á skilgreindu hafnasvæði nyrst í bæjarfélaginu. Gert er ráð fyrir að heildarumfang bygginga verði allt að 21.000 m<sup>2</sup> þegar verksmiðjan er fullbyggð. Verkefnið er áfangaskipt þar sem gert er ráð fyrir um 1,5 milljón tonna framleiðslu á ári í fyrri áfanga og allt að 3 milljón tonna framleiðslu á ári þegar seinni áfanga er lokið. Gert er ráð fyrir 70-90 störfum í verksmiðjunni sjálfri auk um 140-270 afleiddra starfa þegar verksmiðjan er fullbyggð.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir léða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í tilkynningunni kemur fram að tilgangur verkefnisins sé að lækka kolefnisspor byggingariðnaðarins á Íslandi og Norður-Evrópu og að framleiðsla íauka úr móbergi sé ætlað að draga verulega úr kolefnisfótspori sementsframleiðslu eða allt að 20% og til athugunar sé að ná enn lengra. Í tilkynningunni kemur jafnframt fram að efnið sem framleitt verður í verksmiðjunni sé ætlað sem staðgengilselni fyrir sementsklinker eða sementsgjall í sementsframleiðslu í verksmiðjum Heidelberg Materials. Af ofangreindu er óljóst hvort ætlaður 20% samdráttur á kolefnisfótspori sementsframleiðslu eigi við sementsframleiðslu almennt eða einungis samdrátt á kolefnisfótspori sementsframleiðslu fyrirtækisins Heidelberg Materials.



2. Í tilkynningunni kemur fram að gert er ráð fyrir að í viku hverri landi 1-2 skip efni fyrir framleiðsluna og að hvert skip sé með um 20-30 þús tonn af vinnsluefni til verksmiðjunnar. Hvergi kemur fram hversu mörg skip fari um höfnina með unnið efni frá verksmiðjunni. Því vantar uppá að gerð sé fullnægjandi grein fyrir aukinni skipaunferð um höfnina í tengslum við verksmiðjuna og hvaða áhrif sú aukning getur haft á aðra hafnsækna starfsemi og hafnarmannvirki.
3. Í tilkynningunni kemur fram að hráefni í fyrirhugaða verksmiðju sé fyrst og fremst móberg og að efnistaka úr Litla Sandfelli og önnur fyrirhuguð efnisvinnsla sé í leyfisferli skv. gildandi lögum og reglugerðum. Tilkynningin er ekki nógu skýr með það hvaða efni á að vinna í verksmiðjunni eða hvaðan það kemur en ýmist er talað um að vinna eigi móberg, móberg og vikurefni eða móberg og efni úr sjó sem verður forþurkað um borð í skipi.
4. Í tilkynningunni vantar uppá umfjöllun um hljóðvist og mengun. Í tilkynningunni er fjallað um mótvægisáðgerðir innan lóðar frá móttöku efnis til vinnslu í verksmiðjunni, í gegnum vinnsluferlið og þar til efnið er lestað um borð í skip, en skv. tilkynningunni gert er ráð fyrir að hráefni verði annars vegar flutt með vörubílum að verksmiðjunni og hins vegar að því verði dælt inn í verksmiðjuna úr skipum. Ekki er fjallað um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist og rykmengun vegna flutnings aðfanga að verksmiðjunni með vörubílum og skipum.
5. Í tilkynningunni er ekki fjallað um möguleg áhrif fyrirhugaðrar verksmiðju á ferðaþjónustu og útivist í Þorlákshöfn, en í næsta nágrenni verksmiðjunnar er vinsælt útivistarsvæði, m.a. golfvöllur og sandfjara sem mikið er notuð af ferðaþjónustufyrirtækjum auk þess sem fyrirhugað er að reisa 180 herbergja hótél og afþreyingarmiðstöð í Hafnarvík við Leirur á sömu slóðum, sjá hér: [Hótél og afþreyingarmiðstöð í Þorlákshöfn – Hafnarfréttir \(hafnarfrettir.is\)](#).
6. Umfjöllun um áhrif á samfélag og atvinnulíf er takmörkuð að því leyti hún hverfist að mestu um þróun mannfjölda og uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, en lítill gaumur er gefinn að því t.d. hvaða áhrif framkvæmdin getur haft á uppbyggingu atvinnulífs og fjölbreytni starfa í Þorlákshöfn og nærsveitum til framtíðar lítið.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur að tilkynningin geri að öðru leyti nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum.

Embættið telur að staðbundin umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í næsta nágrenni hennar, önnur en sjónræn, séu óljós, m.a. áhrif á samfélag, atvinnulíf, ferðaþjónustu og útivist. Jafnframt telur embættið ljóst að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar ná út fyrir lóðamörk hennar í Þorlákshöfn. Því samhliða uppbyggingu mólunarverksmiðjunnar þarf Sveitarfélagið Ölfus að ráðast í stækkun á hafnarbakka, dýpkun hafnar og breytingu á ölduvörnum til að skapa aðstöðu fyrir löndun hráefnis og útskipun unnins



efnis frá verksmiðjunni. Auk þess þarf að styrkja flutningskerfi rafmagns á svæðinu til að anna því afli sem verksmiðjan þarf og styrkja og bæta vegakerfið í sveitarfélaginu til að það geti staðið undir hráefnisflutningum frá efnistökusvæðum á landi. Þá er einnig ljóst af efni tilkynningarinnar að rekstrargrundvöllur verksmiðjunnar er háður stórtækri efnistöku í Litla-Sandfelli og Lambafelli í Ölfusi, mögulegri efnistöku í ónefndum vikurnámum og efnisnánum í sjó og að öllum líkindum efnistöku á nýjum efnistökusvæðum þegar þau sem nefnd eru í tilkynningunni eru fullunnin. Af því leiðir að neikvæðustu og umfangsmestu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og tengdra framkvæmda er snúa að hráefnisöflun koma til með að falla til á Íslandi á meðan að helsti ávinningur framkvæmdarinnar, þ.e. samdráttur í kolefnisspori sementsframleiðslu, kemur að mestum hluta fram erlendis.

Vegna umfangs framkvæmdarinnar, samlegðaráhrifa með framkvæmdum er snúa að hráefnisöflun og flutningi hráefnis, hvort sem þær framkvæmdir eru þegar komnar í mats- og/eda leyfisferli eða ekki, og vegna óljósra áhrifa framkvæmdarinnar á m.a. samfélag, atvinnulíf, ferðaþjónustu og útivist í Þorlákshöfn metur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands málið sem svo að framkvæmdin ætti að vera háð mati á umhverfisáhrifum.


Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vinnslu jarðefna starfsleyfi skv. viðauka IV, með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og viðauka X, með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík



Sauðárkrókur 16.12.2022  
Tilvísun: 202212530

**Málefni: Mölunarverksmiðja í Þorlákshöfn- umsagnarbeiðni.**


Brunavarnasviði Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar barst umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun varðandi tilkynningu frá HeidelbergCement Pozzolanic Materials ehf vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar á Mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn. Umsögn er gefin í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021.

Brunavarnasvið HMS hefur gerir ekki athugasemdir við tilkynningu frá HeidelbergCement Pozzolanic Materials ehf. Í tilkynningu til Skipulagsstofnunar er gert nægjanlega grein fyrir áætlaðri framkvæmd, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum.


Brunavarnasvið HMS telur ekki að þörf sé á umhvefismati framkvæmdar samkvæmt lögum nr.111/2021.

Engu að síður vill Brunavarnasvið HMS benda á að nauðsynlegt er að framkvæmt sé áhættumat og brunahönnun fyrir mannvirkni í samræmi við 9.2.4 grein byggingarreglugerðar nr.112/2012

Virðingarfyllt,  
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

  
Gréttar Þór Þorsteinsson,  
sérfræðingur á brunvarnasviði





# LANDSNET

Skipulagsstofnun

14.12.2022  
2022-11-57/0.11.2

## Efni: Mólunarverksmiðja Heidelberg Materials í Þorlákshöfn

Landsneti barst, þann 17. nóvember 2022 beiðni um að veita umsögn vegna fyrirspurnar um matsskyldu áformaðrar mólunarverksmiðju Heidelberg Materials í Þorlákshöfn. Umsagnafrestur er til 16. desember 2022.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun og snýr umsögnin að þeim þáttum matsskyldufyrirspurnarinnar.

Í kafla 2.7 í skýrslunni er fjallað um tengdar framkvæmdir mólunarverksmiðjunnar. Þar er fjallað um orkuþörf verksmiðjunnar og flutning raforku að svæðinu.

Landsnet bendir á að ekki er til staðar nægilegt svigrúm í flutningskerfi raforku til Þorlákshafnar til að anna þörf fyrir flutninga raforku til nýrrar atvinnustarfsemi sem þar er boðuð. Til að bregðast við því hefur Landsnet hafið forundirbúning að lagningu nýrrar háspennulínu til Þorlákshafnar frá Hveragerði ásamt tengivirki. Útfærsla tengingarinnar er ekki fullmótuð enn þá, en þegar þetta er skrifað (í desember 2022) er verið að vinna með þá hugmynd að nýta 132 kV tengingu frá Írafossi (Sogslínu 2) og tengja nýja línu til Þorlákshafnar við hana í grennd við tengivirki Landsnets í Hveragerði. Til stendur að taka úr rekstri og rífa niður þann hluta Sogslínu 2 sem liggur frá Hveragerði og til Reykjavíkur.

Ekki liggur enn fyrir að hve stórum hluta hægt er að leggja nýja 132 kV línu sem jarðstreng á þessari leið sem er um 20 km að heildarlengd en slík greining er í vinnslu. Reikna má með að hluti línunnar þurfi að vera lögð sem loftlína vegna raffræðilegra takmarkana jarðstrengslagna á 132 kV spennu. Ljóst er að framkvæmdirnar falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þar sem að loftlínuhlutinn er allavega matsskyldur. Gera má ráð fyrir að fullmótaður valkostur um nýja tengingu til Þorlákshafnar verði lagður fram í framkvæmdaáætlun næstu kerfisáætlunar Landsnets, sem ráðgert er að komi út á fyrri hluta ársins 2023.

Virðingarfyllt

---

Einar S. Einarsson  
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

2022/0009



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 8. desember 2022  
MÍ202212-0051/ 6.07 / K.M.

### Efni: Mölunarverksmiðja í Þorlákshöfn.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 17. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Fyrirtækið HeidelbergCement Pozzolan Materials ehf. hyggjast setja upp mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn í tveimur áföngum. Móberg verður flutt úr námum í Lambafelli og Litla-Sandfelli og það malað í verksmiðjunni í Þorlákshöfn. Malað efni verður flutt erlendis til notkunar sem íauki í sementsframleiðslu í verksmiðjum Heidelberg Materials.

Staðsetja á mölunarverksmiðjuna á svæði sem skilgreint er sem hafnarsvæði á milli Bakka og Hafnarvegar í Þorlákshöfn. Þar hefur fyrirtækinu verið úthlutað 65 þúsund fermetra lóð.

Fjallað er um skipulag í kafla 3 í kynningarskýrslu framkvæmdaraðilans. Þar segir að ekki sé talin þörf á að breyta aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna framkvæmdarinnar. Í kafla 3.4 kemur fram að nágildandi deiliskipulag fyrir hafnarsvæði Þorlákshafnar hafi verið samþykkt árið 2020. HeidelbergCement Pozzolan Materials hafi fengið úthlutað hluta af þeim 31 lóðum sem skilgreindar eru í nágildandi deiliskipulagi hafnarsvæðis Þorlákshafnar undir starfsemi sína.

Fjallað er um fornleifar í kafla 4.6 í skýrslunni. Þar er vísað í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands ses frá 1999. Engar fornleifar voru þá skráðar á svæðinu.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðisins með bréfum til sveitarfélagsins dags. 14.05.2020 og 19.05.2020. Þar var einkum fjallað um gamla bæjarstæði Þorlákshafnarbæjarins og fornleifar í nágrenni þess. Gamli bærinn stóð þar sem nú er Hafnarskeið 6, 8a og 8b. Einnig var fjallað um


*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnulegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

Hraunbúðir (ÁR-548:048) og Réttarstekki (ÁR-548:020) sem eru sunnarlega á deiliskipulagssvæðinu.

Árið 2021 kom út skýrsla VG Fornleifarannsóknna, *Fornleifaskráning í landi Þorlákshafnar 2021. Vettvangsskráning og söguágrip*. Eins og nafnið gefur til kynna er í skýrslunni gerð grein fyrir skráningu fornleifa í Þorlákshöfn, þar á meðal á svæðinu þar sem mólunarverksmiðjan á að rísa. Svokölluð Hafnargata (Nr. 74) lá í gegnum svæðið frá suðri til norðurs. Í fornleifaskráningarskýrslu segir að gatan hafi legið frá Þorlákshöfn og að Breiðabólstað. Fram kemur að leiðin sé merkt inn á örnefnakort og herforingjaráðskort Dana frá 1909 en að ekki sjáist lengur til götunnar. Minjastofnun Íslands telur skráningu götunnar fullnægjandi mótvægisáðgerð. Engar aðrar fornleifar eru skráðar á svæðinu þar sem verksmiðjan á að rísa.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði mólunarverksmiðju í Þorlákshöfn og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Fornleifum mun ekki stafa hættu af byggingu verksmiðjunnar. Stofnunin telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megj úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megj fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri


*Sent í tölvupósti:*

*Sigurður Ásbjörnsson (sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)*

*Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)*

# NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Garðabær, 16.12.2022  
Málsnúmer: 202211-0031  
IAS

## Efni: Umsögn um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 17. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar byggingar mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgdu tilkynningunni og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Fyrirhugað er að reisa verksmiðjuna á sandorpnu og að einhverju leyti röskuðu hrauni. Ekki er líklegt að friðlýstar plöntur finnist á svæðinu og þar eru vistgerðir með miðlungs- til lágt verndargildi. Ekki eru líkur á að mikilvæg búsvæði fugla raskist og lóðin er ekki innan skilgreindra mikilvægra fuglsvæða.

Fram kemur að fyrirhugað hráefni á að koma úr námum í Litla-Sandfelli og Lambafelli og að einnig sé til skoðunar að efni frá námum í sjó komi til hafnar í Þorlákshöfn. Frekar lítið er gert úr þeirri miklu umferð sem verður vegna hráefnisflutninga til verksmiðjunnar. Gert er ráð fyrir að efnisflutningar fari um vegakerfið en að einnig sé verið að skoða útfærslur á því að aðgreina flutningsleiðir frá námustað að verksmiðju.

Orkuþörf verksmiðjunnar er 42-84 MW og er óljóst með orkuöflun. Núverandi flutningslínur anna ekki því afli sem verksmiðjan þarf en samtál er hafið við Landsnet um orku.

Reist verður flokkunarstöð (8 600 m<sup>2</sup>) þar sem fram fer flokkun og aðgreining efnis. Ekki kemur fram hvort að eitthvað ónýtanlegt efni flokkist frá, og ef svo verður, hvað verði þá gert við það efni.

Verksmiðjan verður mjög áberandi í landslaginu, stærstu byggingarnar verða 20-30 m háar og a.m.k. þrjár byggingar verða allt að 40-60 m háar en í dag eru hæstu byggingar í Þorlákshöfn 13-16 m háar. Tölvugerðar myndir í Viðauka A gera ekki nægilega grein fyrir ásýndaráhrifum verksmiðjunnar og væri æskilegt að fá fleiri sjónarhorn á verksmiðjuna, m.a. frá þeim hverfum sem næst eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Í stuttu máli er um að ræða mikla framkvæmd sem mun hafa mikil áhrif á bæjarbrag Þorlákshafnar. Stór áberandi verksmiðja verður reist við bæjarmörkin, áætlað er að hún verði í gangi allan sólarhringinn með tilheyrandi hávaða og mikill umferð vörubíla með efni til mölunar.


Það er mat Náttúrufræðistofnunar að rétt sé að Mölunarverksmiðjan fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,  
Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur



**Skipulagsstofnun**

Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík  
[sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

**Matsfyrirspurn vegna fyrirhugaðrar mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn.**

Vegagerðin hefur mótttekið erindi Skipulagsstofnunar dags. 17. 11. 2022 þar sem óskað er eftir að Vegagerðin gefi umsögn um fyrirhugaða mölunarverksmiðju Heidelberg Cement Pozzolaníc Materials ehf. í Þorlákshöfn. Innsend göng eru unnin af Mannviti dags. í nóvember 2022; *Mölunarverksmiðja í Þorlákshöfn. Mat á umhverfisáhrifum. Fyrirspurn um matsskyldu.*

Vegagerðin vísar í fyrri umsagnir vegna efnistöku í Litla Sandfelli og á Mýrdalssandi hvað varðar áhrif á umferð og samgöngumannvirki. Auk þungaumferðar sem þar er fjallað um er áætlað að við bætist umferð vegna um 70-90 starfa í verksmiðjunni.

Vegagerðin telur að í innsendum gögnum þurfi að gera frekari grein fyrir aðkomu að lóð og hvernig fyrirhugað er að tengingum við þjóðveggi verði háttáð. Allar framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar samþykki Vegagerðarinnar.

Í greinargerð segir að gert sé ráð fyrir að við gatnamót við Þorlákshafnarveg verði hringtorg sem stuðlar að bættu flæði og auknu umferðaröryggi. Einnig að gatnamót komi við Þorlákshafnarveg sem er gert ráð fyrir að sé hluti af leið efnisflutninga til verksmiðjunnar er talin draga úr áhrifum landflutninga til og frá verksmiðjunni á samgöngukerfið. Vegagerðin vísar í umsögn sína frá 19. 5. 2020 þar sem samþykki er veitt fyrir vegamótum í plani við Þorlákshafnarveg, útfærsla vegamótanna liggur ekki fyrir.

Í greinargerð segir:

*Unnið er að skoðun á mögulegum útfærslum á því að aðgreina flutningsleiðir frá námustað að verksmiðju. Skoðað er hvort hægt sé að finna leiðir fyrir efnisflutninga sem færu ekki nema að litlum hluta um þjóðvegakerfið. Þá væri ekki verið að auka á núverandi umferðarmagn þjóðvegakerfisins nema að mjög litlu leyti á stuttum köflum ef áætlanir ganga eftir. Flutningur efnis frá námu yrðu þannig með bilum að jaðri Þorlákshafnar og þaðan með færriböndum að verksmiðju. Með þessu fyrirkomulagi væri unnt að takmarka alla umferð í þéttbýli Þorlákshafnar.*

Vegagerðin tekur undir hugmyndir í greinargerð um að takmarka umferð vegna malarflutninga á vegum með almennri umferð og óskar eftir nánari útfærslu á þeim.

Síða 1/2

**Vegagerðin**  
Borgartún 5-7  
105 Reykjavík  
+354 522 1000  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)


[vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:vegagerdin@vegagerdin.is)

Í greinargerð kemur fram að uppbygging verksmiðju kalli á uppbyggingu og breytingu á núverandi hafnaraðstöðu til að skapa viðunandi aðstöðu til löndunar og útflutning efnis. Framkvæmd á hafnarsvæði myndi fela í sér stækkun á hafnarbakka, dýpkun hafnarsvæðis og breytingu á ölduvörnum. Gert er ráð fyrir að eitt til tvö skip landi á viku á hverju ári og miðað er við að hvert skip sé með um 20-30 þúsund tonn af vinnsluefni. Uppbygging hafnaraðstöðu er á höndum Sveitarfélagsins. Vegagerðin útilokar ekki að á seinni stigum verði höfnin stækkuð þannig að mögulegt verði að taka á móti 20-30 þúsund tonna skipum en bendir á að þær breytingar sem nú er verið að vinna að koma ekki til með að leyfa lengri skip en um 130 til 140 m sem eru nær 10-15 þúsund tonnum.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Erna Bára Hreinsdóttir  
forstöðumaður Skipulagsdeildar

-----  
Síða 2/2

-----  
**Vegagerðin**

Ísafjörður, 25.11.2022  
Tilvísun: 202211-0215/6.01.04**Varðandi**  
**Mölnunarverksmiðja í Þorlákshöfn.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags 17.11.2022 þar sem óskað er eftir að Vinnueftirlitið gefi umsögn um skýrslu Mannvit hf. um mat á umhverfisáhrifum og fyrirspurn um matskyldu vegna mölnunarverksmiðju í Þorlákshöfn.

Mat á umhverfisáhrifum og fyrirspurn um matskyldu mölnunarverksmiðju í Þorlákshöfn varðar ekki hlutverk Vinnueftirlitsins.


Leiðbeinandi álit Vinnueftirlitsins er að umfang starfseminnar og eðli efna sé þannig að umhverfishætta sé hverfandi.

Vinnueftirlitið hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina fyrir sitt leiti á þessu stigi, en minnr á að við hönnun, framkvæmdir og vinnslu í verksmiðjunni þarf að taka tillit til laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Um starfsemina eða hluta hennar gilda jafnframt eftirfarandi reglugerðir sem heyra undir stofnunina og taka þarf tillit til :

- nr. 581/1995 um Húsnæði vinnustaða
- nr. 1005/2009 um Vélar og tæknilegan búnað
- nr. 553/2004 um Verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum
- nr. 390/2009 um Mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum
- nr. 1077/2010 um Flutning á hættulegum farmi á landi
- nr. 727/2018 um Tæki sem brenna gasi, ef gas verður notað
- nr. 1050/2017 um Varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, meta þarf hvort magn hráefna sem geymt er geri að verkum að starfsemin falli undir þessa reglugerð.

Vinnueftirlitið tekur fram að verja þarf starfsmenn fyrir skaðlegum áhrifum hættulegra efna, ef þau eru til staðar. Fylgjast þarf með magni efna í vinnuumhverfinu og tryggja að styrkur sé innan marka sem getið er í reglugerðum nr. 390/2009 og reglum nr. 429/1995.

Virðingarfyllst,  
f.h. Vinnueftirlits ríkisins



Elfar Reynisson sérfræðingur

Afrit

Skipulagsstofnun: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is), [sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)